TÓNLISTARSKÓLI ÁRNESINGA

Eyravegi 9, 800 Selfoss · Sími: 482 1717 · tonar@tonar.is · www.tonar.is

Sveitarfélagið Árborg
Austurvegi 2
800 Selfossi

Selfossi 19. október 2026

Efni: Ósk um aukinn fjölda klst. til tónlistarkennslu í Sveitarfélaginu Árborg frá 1. nóvember 2026

24. apríl 2026 – 5klst. bætt við

Þann 24. apríl 2026 óskaði Tónlistarskóli Árnesinga eftir 30 klst. viðbót á kennslukvóta til tónlistarskólakennslu. Samþykkti bæjarstjórn Árborgar að auka kennslukvóta Tónlistarskóla Árnesinga um 5 klst. frá 1. ágúst 2026 og fór kennslukvóti upp í 228,5 kennslustundir.

Biðlisti og nemendur með sértækar stuðningsþarfir

Tónlistarskóli Árnesinga óskar hér með eftir auknum kennslukvóta til að mæta vaxandi þörf fyrir tónlistarnám í Árborg. Nemendum á biðlista hefur fjölgað verulega á undanförnum misserum og eru þar aðallega börn á grunnskólaaldri, þótt um nemendur á öllum aldri sé að ræða.
Mikil eftirspurn eftir námi við skólann endurspeglar bæði aukinn áhuga á tónlistarnámi og þá mikilvægu þjónustu sem tónlistarskólinn veitir samfélaginu. Reglulega berast skólanum fyrirspurnir frá foreldrum og forráðamönnum sem óska eftir námsplássi fyrir börn sín, en vegna takmarkaðs kennslukvóta hefur ekki verið unnt að verða við öllum þeim óskum.
Tónlistarnám er meira en hefðbundin kennsla í hljóðfæraleik eða söng. Námið byggist á náinni og einstaklingsmiðaðri leiðsögn þar sem sterk tengsl myndast milli kennara og nemanda. Slíkt námsumhverfi getur reynst sérstaklega mikilvægt fyrir börn og ungmenni sem þurfa á stuðningi, festu og hvatningu að halda. Rannsóknir hafa jafnframt sýnt fram á jákvæð áhrif tónlistariðkunar á námsárangur, einbeitingu, félagsfærni og almenna vellíðan.
Beiðni þessi snýr sérstaklega að því að skapa svigrúm til að taka inn fleiri nemendur með sértækar stuðningsþarfir og mæta fjölskyldum sem standa frammi fyrir krefjandi aðstæðum í daglegu lífi. Við teljum að með auknum kennslukvóta geti skólinn lagt meira af mörkum til velferðar barna og ungmenna í sveitarfélaginu og jafnframt stuðlað að auknu jafnrétti til þátttöku í listnámi.
Við vonumst því til að erindið fái jákvæða umfjöllun og að unnt verði að auka kennslukvóta skólans þannig að fleiri börn og ungmenni fái notið þeirra tækifæra sem tónlistarnám býður upp á.

Beiðni um viðbót

Tónlistarskóli Árnesinga óskar eftir **5 klst. viðbót frá 1. nóvember 2026**. Með þessu hækkar kennslukvótinn í Árborg úr klst. 228,5 í klst. 233,5.

Til viðmiðunar, þá voru haustið 2022 kenndir klst. 237,5. Síðan þá hefur kennslukvóti minnkað en sveitarfélagið er að taka við sér sem er mikilvægt ef horft er til fjölgunnar í sveitarfélaginu.

Kostnaðarskiptingu má sjá í fylgiskjali.

Með ósk um góðar undirtektir,

Stefán Haukur Gylfason, skólastjóri
Pamela De Sensi, aðstoðarskólastjóri